

Verkefnalisti Staðardagskrár 21 fyrir 2016 – Fjölskyldunefnd

Mosfellsbær er vinalegt bæjarfélag til búsetu þar sem fjölskyldan er í fyrirrúmi

1. Sjónarmið íbúa séu virt með því að tryggja að þau komi fram við vinnslu mála.
2. Félagsleg ráðgjöf veiti hjálp til sjálfshjálpar, þar sem einstaklingar og fjölskyldur eru hvattar til frumkvæðis og leiðbeint við að leita leiða úr aðsteðjandi vanda.

Mosfellsbær ber umhyggju fyrir fjölskyldum og býður upp á fjölskylduvæna þjónustu í fremstu röð

1. Haldnir verði reglulegir samráðsfundur fagaðila sem vinna að málum barna og ungmenna í Mosfellsbæ.
2. Stuðlað verði að skilvirkri þjónustu þeirra sem að málum fjölskyldunnar koma með reglulegum samráðsfundum fulltrúa þeirra stofnana sem fjölskyldunni þjóna.

Mosfellsbær hugar sérstaklega að þörfum eldri borgara og barna

1. Unnið verði gegn vanrækslu og ofbeldi með sérstökum verkefnum til að bregðast við vanda einstakra barna og fjölskyldna þeirra í samræmi við barnaverndarlög.
2. Foreldrar séu hvattir til að vera góð fyrirmynd, og stuðla að öruggu og jákvæðu uppeldisumhverfi, s.s. með því að virða útvístartíma barna, leyfa ekki eftirlitslaus samkvæmi og gæta þeirra.
3. Samstarf þeirra aðila í bæjarfélaginu sem koma að málefnum barna sé eflt með því að standa fyrir sameiginlegum fræðslu og samráðsfundum.
4. Tryggt verði virkt samráð við félag aldraðra um málefni sem þeim tengjast.

Mosfellsbær hvetur íbúa til sjálfshjálpar og styður þá eins og kostur er við að uppfylla þarfir sínar

1. Vinna gegn ótta við glæpi og stuðla að aukinni tiltrú almennings og virðingu í garð hvers annars með reglulegum fundum með fulltrúum lögreglu höfuðborgarsvæðisins þar sem staða mála í Mosfellsbæ er kynnt.

Mosfellsbær tileinkar sér lýðræðisleg vinnubrögð og sýnir samfélagslega ábyrgð

1. Áfram verði lögð áhersla á öflugt forvarnarstarf til þess að draga úr vímuefnaneyslu, afbrotum og einelti.